

# Lög

## um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

---

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo ásamt fyrisögn:

*Erfðanefnd landbúnaðarins.*

Landbúnaðarráðherra skipar sjö menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd landbúnaðarins að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, veiðimálastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði,
- b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðaauðlinda í landbúnaði,
- c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðaauðlindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,
- d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði,
- e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um verkefni nefndarinnar og nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 10. mars 2003.*